

**6. gr.**

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum frá 2500—25 000 krónum.

**7. gr.**

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 25. gr. laga nr. 33/1966. Öðlast hún þegar gildi og gildir til 1. júlí 1970 og birtist hér með til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Menntamálaráðuneytið, 5. maí 1969.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Birgir Thorlacius.*

12. maí 1969.

Nr. 48.

**AUGLÝSING**

um bann við sölu lyfs.

Samkvæmt heimild í 3. gr. b-lið lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963, og að fengnum tillögum landlæknis, er hér með frá og með 1. júní 1969 bönnuð hvers konar sala og afhending á lyfinu Phenmetralinum NFN og samsetningum þess.

Birtist þetta hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 12. maí 1969.*

**F. h. r.**

**Baldur Möller.**

*Jón Thors.*

16. maí 1969.

Nr. 49.

**REGLUGERÐ**

um breyting á reglugerð um búnað og rekstur lyfjabúða  
nr. 151 22. marz 1968.

**1. gr.**

Aftan við 22. gr. reglugerðarinnar komi nýr liður, er verði k-liður svo hljóðandi:  
k. Lyfsala er heimilt að selja öðrum lyfsala lyf og lyfjaefni, ef um er að ræða takmarkað magn tiltekinna lyfja eða efna, þegar sérstaklega stendur á, t. d. svo að afgreiða megi lyfseðil.

**2. gr.**

23. gr., a-liður orðist svo:

Hreinsuð eða hrein lyfjailát skulu geymd þannig, að þau óhreinkist ekki. Glös og önnur ílát skulu þurrkuð að þvotti loknum og síðan geymd í rykþéttum geymslum. Óheimilt er að nota undir lyf ílát frá neytendum, önnur en glerílát lyfjabúða, lyfjagerða og lyfjaheildsala, og skal þá hreinsa og sæfa ílátin, áður en notuð eru,